

Föstudaginn 13. janúar 1995 kl. 09:30

#### 44. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 1/1995

#### Drög að reglum um verðupplýsingar í auglýsingum.

Formaður auglýsinganefndar sagði að lögð hafi verið fyrir ráðið drög að reglum um verðupplýsingar í auglýsingum.

Umræður urðu um drögin og að þeim loknum var eftirfarandi samþykkt samhljóða.

#### Ákvörðunarorð:

"Samkeppnisráð hefur ákveðið að þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verður að gefa þær með eftirfarandi hætti:

1. Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.

2. Mælieiningaverð.

Þegar söluverð vöru er birt í ritaðri eða prentaðri auglýsingu skal einnig tilgreina mælieiningaverð.

3. Útsala auglýst.

Þegar útsala er auglýst eða verðlækkun þarf að koma fram hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Þá kröfu verður að gera að borið sé saman sambærilegt verð fyrir útsölu og á útsölu.

4. Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1. Staðgreiðsluverð

4.2. Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekin lánstíma.

Reglur þessar eru settar til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi, sbr. 21.gr. samkeppnislaga og eru þær settar með heimild í 30gr. laganna.